

Kæru nemendur

Undanfarna daga höfum við í stoðteymi MH haft samband við nemendur sem eru fjarverandi vegna covid/sóttkvíar eða tengdra ástæðna og munum halda því áfram.

Ef þú veikist/lendir í sóttkví er mikilvægt er að þú skráir veikindi á hverjum degi í Innu og tilgreinir hvort þú ert í sóttkví eða með covid. Hér er að neðan eru nokkrir punktar sem okkur langar að minna á:

Í sóttkví

Ef þú ert í sóttkví en án einkenna, reyndu þá að fylgjast með á Innu, vera í sambandi við kennarana þína og sinna náminu eftir bestu getu.

Það er mikilvægt að halda rúttínu, vakna á morgnana og reyna að leysa þau verkefni og lesa yfir það efni sem kennt er dagana sem þú ert fjarverandi. Þannig er auðveldara að taka upp þráðinn þegar þú kemur aftur í skólann.

Með Covid

Ef þú greinist með Covid er mikilvægast að þú hugir vel að þér og þinni heilsu. Náðu góðri hvíld og bata sem fyrst. Sumir nemendur eru lítið sem ekkert veikir og geta þá sinnt náminu eins og hægt er að heiman en aðrir veikjast meira og einbeita sér að því að ná heilsu. Ekki hika við að hafa samband við kennara og/eða náms- og starfsráðgjafa þegar þú kemur aftur í skólann til að fá aðstoð ef þú þarft á því að halda.

Hafðu endilega samband

Það er til mikils að vinna að ná að hafa skólann opinn og styðja nemendur sem eru fjarverandi. Þess vegna viljum við hvetja alla nemendur sem hafa einhverjar spurningar eða þurfa aðstoð til að vera í sambandi við okkur í stoðteyminu hvenær sem er á önninni.

Með kveðju frá stoðþjónustu MH

Ásdís - asdisbirgis@mh.is

Bóas - boas@mh.is

Fríður - fridur@mh.is

Sigga Birna - sbb@mh.is